



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 12. janúar 2021

Umsögn vegna frumvarps til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis til umboðsmanns barna, dagsettri 17. desember 2020, þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Í frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót nýrri ríkisstofnun, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Með stofnun hennar verður Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar lögð niður. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála kemur til með að byggja á grunni Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar auk þess sem hin nýja stofnun mun taka við tilteknum stjórnslu- og eftirlitsverkefnum frá öðrum stjórnvöldum einkum Barnaverndarstofu. Lagt hefur verið fram frumvarp um Barna- og fjölskyldustofu en til stendur til að Barnaverndarstofu verði lögð niður og Barna- og fjölskyldustofa komi þá til með að taka við stærstum hluta þeirra verkefna sem nú er sinnt af Barnaverndarstofu. Önnur verkefni Barnaverndarstofu þá einkum þau er snúa að eftirliti koma til með að fara yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Það er framfaraskref að skilja eigi hér á milli þannig að ráðgjöf og fræðsla verði ekki á hendi þess aðila sem fer með eftirlit. Umboðsmaður fagnar því einnig að fjölga eigi stöðugildum sérfræðinga og því aukna fjármagni sem leggja á til vegna þeirrar vinnu. Þá er mikilvægt að boðaðar breytingar á barnaverndarlögum nái sömuleiðis fram að ganga til þess að frumvarp þetta hafi tilætluð áhrif og markmiðum þess verði náð. Bagalegt er að frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum liggja ekki fyrir samhliða afgreiðslu þessa frumvarps.

Virðingarfyllt,

Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna